

Borgarbyggð
Póra Margrét Júlíusdóttir
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík, 3. mars 2023
UST202302-122/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 – 2022 - Hraunsnef

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 9. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 – 2022 fyrir Hraunsnef.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreina 38 ha frístundasvæði (F147) fyrir 25 lóðir og minnkar landbúnaðarsvæði sem því nemur.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn varðandi verkefnið á fyrri stigum dags. 13. janúar 2020.¹

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að líta skal til textalýsingar náttúruminjaskrár varðandi afmörkun svæða á C-hluta. Í lýsingu segir að svæði Grábrókarhraun og Hreðavatn, „Grábrókarhraun norðan hreppamarka allt austur að Bjarnardalsá og Norðurá.“

Votlendi

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að settir séu skýrari skilmálar varðandi framkvæmdir þar sem að votlendið á svæðinu fellur undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd en hægt er að sjá afmörkun þess í kortasjá Náttúrufræðisstofnunar Íslands.²

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðingarefna, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð segir að byggingareiti skal afmarka í samræmi við votlendisvistgerðir innan svæðisins eins og kostur er. Umhverfisstofnun bendir á að það eru ekki einungis byggingarframkvæmdir sem geta raskað votlendi heldur einnig aðrar

¹https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Skipulagstillogur/Breyting_%c3%a1_a%c3%b0alskipulagi_Borgarbygg%c3%b0ar_2010_-_2022_og_n%c3%bdttd_deiliskipulag_fyrir_Hraunsnef_%c3%ad_Nor%c3%b0ur%c3%a1rdal.pdf

²<https://serstokvernd.ni.is/>

framkvæmdir eins og vegagerð. Einnig getur vegagerð valdið fyrirstöðu og þurrkáhrifum.

Eins og tillagan er sett fram eru ekki mjög ríkir hagsmunir sem réttlæta röskun votlendis. Því er mikilvægt að mati stofnunarinnar að skipulagsreiturinn sé afmarkaður nánar og settir séu strangari skilmálar varðandi hönnun á svæðinu við gerð deiliskipulags.

Einnig þarf að fjalla um áhrif tillögunnar á fuglalíf, vistgerðir og votlendi í kaflanum um *Umhverfisáhrif* að mati Umhverfisstofnunar.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að kröfur um hreinsun skólps verði í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þar sem talað er almennt um hreinsun fráveituvatns, ætti frekar að nota orðið fráveita í stað rotþróar þar sem rotþró er aðeins einn hluti hreinsunar og er ekki nægjanleg sem hreinsun frá einstaka húsum. Þá ætti að tala um rotþró og siturlögn, eða það sem betra er *hreinsivirki*, sem nær yfir allan búnað til hreinsunar á skólpi.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir

sérfræðingur